

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundahúsalóðarinnar Bildsfells IIIe.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri 1,5 ha lóð úr landi Bildsfells IIIe.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. október 2012.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Öndverðarness.*
Í breytingunni felst að lóðir nr. 20, 22, 24 og 26 við Kothólsbraut færast 4 m suður og stækkar því lóð 20 úr 4.390 m² í 4.735 m², lóð 22 minnkar úr 5.044 m² í 5.029 m², lóð 24 minnkar úr 5.036 m² í 5.019 m² og lóð 26 minnkar úr 5.067 m² í 5.044 m², skilmálar breytast ekki.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2012.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. október 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.